




FUNDARGERÐ 41. ÁRSPINGS

*sem haldið var á Húsavík
26. og 27. október 1990*



41. ÁRSPING LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA 1990.

41. ársþing L.H. var haldið dagana 26.-27. okt. á Hótel Húsavík í boði hestamannafélaganna Grana og Þjálfá.

Formaður Kári Arnórsson setti þingið og bauð fulltrúa og gesti velkomna sem voru að þessu sinni Hjörtur E. Þórarinsson, Gunnar Bjarnason. Heiðraður var Gunnar Bjarnason, þ.e. sæmdur gullmerki Landssambandsins. Þakkaði Gunnar sér sýndan sóma með nokkrum hnitmiðuðum orðum. Síðan tók til máls bæjarstjóri Húsavíkur, Einar Njálsson lét í ljós ánægju sína fyrir hönd Húsvíkinga um veru þingsins hér. Heiðraði síðan Gunnar Bjarnason borin og barnfæddan Húsvíking með blómum og bókargjöf. Þá ávarpaði formaður B.Í., Hjörtur E. Þórarinsson, þingheim, ræddi m.a. um rómantík íslenska hestsins, ógleymanlega stund á s.l. landsmóti.

Þá var komið að kjörbréfanefnd að skila sínu álit. Samkvæmt því sitja eftirtaldir fulltrúar þingið.

Frá Andvara, Garðabæ

Ólafur H. Einarsson, Elísabet Þórólfsdóttir, Höskuldur Hildibrandsson.

Frá Blakki, Strandasýslu.

Guðbrandur Björnsson.

Frá Blæ, Norðfirði og Eskifirði.

Þóra Sólveig Jónsdóttir.

Frá Dreyra, Akranesi og nágrenni.

Kristján H. Baldursson.

Frá Faxa, Borgarfirði.

Árni Ingvarsson, Guðmundur Sigurðsson, Ingimar Sveinsson, Ólöf Guðbrandsdóttir.

Frá Fáki, Reykjavík.

Viðar Halldórsson, Þorgeir Ingvason, Birgir R. Gunnarsson, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Sigurbjörn Bárðarson, Guðbrandur Kjartansson, Guðlaug Steingrímsdóttir, Kristján Auðunsson, Gunnar M. Árnason, Valdimar K. Jónsson, Jón A. Sigurbjörnsson, Stefán Pálsson, Ólafur Þorsteinsson, Sólveig Ásgeirsdóttir, Ragnar Tómasson, Kristján Gunnlaugsson.

Frá Feyki, Öxarfirði.

Guðmundur Theodórsson.

Frá Freyfaxa, Fljótsdalshéraði.

Guðmundur Þorleifsson, Jón Bergsson, Jóhanna Kristjánsdóttir.

Frá Funa, Eyjafirði.

Jónas Vigfússon, Óttar Björnsson.

Frá Geysi, Rangárvallasýslu.

Rúna Einarsdóttir, Kristinn Guðnason, Guðmundur Einarsson,
Árni Jóhannsson, Eggert Pálsson, Sigurður Sæmundsson.

Frá Geisla, Breiðdalsvík og nágrenni.

Sigmar Pétursson.

Frá Glað, Dalasýslu.

Marteinn Valdimarsson, Kristján Gíslason.

Frá Glæsi, Siglufirði.

Hreinn Júlíusson.

Frá Gnýfara, Ólafsfirði.

Andrés Kristinsson.

Frá Grana, Húsavík.

Gísli Haraldsson.

Frá Gusti, Kópavogi.

Kristmundur Halldórsson, Bjarni Sigurðsson,
Sævar Kristjánsson, Jón Gísli Þorkelsson, Sigrún
Sigurðardóttir, Sturla Snorrason.

Frá Hendingu, Ísafirði.

Marinó Hákonarson.

Frá Hornfirðingi.

Svanur Guðmundsson, Jón Finnur Hansen.

Frá Hring, Dalvík.

Ingvi Baldvinsson, Ármann Gunnarsson.

Frá Herði, Mosfellsbæ og Kjósarsýslu.

Valdimar Kristinsson, Þórður Axelsson, Bjarni Th. Mathiesen,
Örn Harðarson, Friðbjófur Þorkelsson, Hreinn Ólafsson.

Frá Kinnskæ, A-Barðastrandasýslu.

Jónas Samúelsson.

Frá Kópi, V-Skaftafellssýslu.

Sigurður Kristinsson, Gísli Kjartansson.

Frá Léttfeta, Sauðárkróki.

Sveinn Guðmundsson, Friðrik Guðmundsson, Ingimar Ingimarsson.

Frá Léttri, Akureyri.

Jón Ól. Sigfússon, Páll Alfreðsson, Valdimar Kjartansson.
Reynir Hjartarson.

Frá Ljúfi, Hveragerði og Ölfusi.

Gísli Rúnar Sveinsson, Halldór Guðmundsson.

Frá Loga, Biskupstungum.

Þráinn Bj. Jónsson, Njörður Jónsson.

Frá Mána, Keflavík og Suðurnesjum.

Guðmundur Jónsson, Marius Gunnarsson, Brynjar Guðmundsson.

Frá Neista, Blönduósi og nágrenni.

Kristján Sigurðsson, Sigríður Hermannsdóttir.

Frá Óðni, A-Húnavatnssýslu.

Guðmundur Valtýsson.

Frá Skugga, Borgarnesi.

Halldór Sigurðsson, Helgi Helgason.

Frá Sleipni, Selfossi og nágrenni.

Steingrímur Viktorsson, Hrafnkell Guðnason,
Þórir Steindórsson, Guðmundur Steindórsson.

Frá Smára, Hreppum, Árn.

Sigurður P. Ásólfsson, Haraldur Sveinsson,
Sigfús Guðmundsson, Jón Hermannsson.

Frá Snæfaxa, Þistilfirði.

Jóhann Lárusson.

Frá Snæfellingi.

Högni Bæringsson, Ragnar Hallsson.

Frá Sóta, Álftanesi.

Ársæll Gunnarsson, Andreas Bergmann.

Frá Stíganda, Skagafirði.

Grétar Geirsson, Björn Sveinsson, Sigurður Ingimarsson.

Frá Stormi, Vestfjörðum.

Bragi Björgmundsson, Þorkell Þórðarson.

Frá Svaða, Hofsósi og nágrenni.

Símon I. Gestsson, Gísli Sv. Halldórsson.

Frá Snarfara, Skagatrönd.

Sigurður Jónsson.

Frá Sörla, Hafnarfirði.

Birgir Sigurjónsson, Ágúst Oddsson, Ingólfur Magnússon,
Þorbjörg Sigurðardóttir, Þorsteinn Steinsson.

Frá Trausta, Grímsnesi og Laugardal.

Elín Lára Sigurðardóttir, Sigurður Gunnarsson,
Þorsteinn Egilsson.

Frá Þjálf, S-Þingeyjarsýslu.

Kolbrún Úlfisdóttir, Snorri Kristjánsson.

Frá Þráni, Svalbarðsströnd.

Haukur Laxdal.

Frá Þyt, V-Húnavatnssýslu.

Guðmundur Sigurðsson, Eggert Pálsson.

Frá Félagi tamningarmanna.

Magnús Lárusson.

Dómarafélag L.H. (án atkv. réttar)

Jóhann Þorsteinsson.

Auk framangreindra voru mættir á þinginu.

Þorkell Bjarnason, ráðunautur.

Kristinn Hugason, ráðunautur.

Kolbrún Kristjánsdóttir, áskulýðsfulltrúi L.H.

Skúli Ö. Kristjónsson, stjórnarm. L.H.

Sigurður Hallmarsson, " "

Gunnar B. Gunnarsson, " "

Kári Arnórsson, formaður L.H.

Hjalti Pálsson, framkvæmdastjóri L.H.

Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstj.

Hjörtur E. Þórarinnsson, form. B.Í.

Kjörbréf samþykkt samhljóða.

Tilnefning þingforseta og ritara.

Tillaga frá stjórn um Arngrím Geirsson og Halldór Gunnarsson samþykkt með lófataki.

Ritarar: Kolbrún Úlfsdóttir, Þjálfar.
Höskuldur Hildibrandsson, Andvara.
Guðlaug Steingrímsdóttir, Fáki.
Sævar Kristjánsson, Gusti.
Sigurður Gunnarsson, Trausta.

Þingforseti, Arngrímur Geirsson greindi því næst frá breytingu á dagskrá fundarins vegna fundar í ríkisstjórn gat landbúnaðarráðherra ekki mætt eins og fyrirhugað var og haldið sitt erindi kl. 13.30. Matarhlé gefið til kl. 13.00.

Skýrsla formanns Kára Arnórssonar.

11 stjórnarfundir voru haldnir á árinu, varastjórn yfirleitt boðuð á þá.
Skrifstofa L.H. er sem fyrr í Bændahöllinni. Þar starfa þau Hjalti Pálsson og Ingibjörg Magnúsdóttir.

Tillögur og ályktanir síðasta ársþings.

Fræðslumál.

Samþykkt síðasta ársþings um útgáfu tölvuforrits fyrir gæðinga- og unglingadóma fyrir hestamannafélögin hefur ekki verið framkvæmd vegna fjárskorts. Ákveðið að bjóða út gerð myndar fyrir landsmót. Frestað samningi sem var í bígerð við Bergvík vegna landsmótsmynda.

Álit kynbótanefndar.

Ályktanir sem vörðuðu fyljunarathuganir og númerakerfi sendar B.Í. Mál stóðhestastöðvar sent landbúnaðarráðuneyti. Samkomulag náðist um að L.H. ætti tvo fulltrúa í hrossaréktarnefnd sem eru: Skúli Kristjánsson og Guðmundur Jónsson.

Gæðinga- og unglinganefnd.

Tillaga um röðun keppenda í A og B flokki komin í framkvæmd.

Mótanefnd.

Álit varðandi hestanöfn og auglýsingar í keppni var kynnt í félögum L.H.

Fjárhagsnefnd.

Álit nefndarinnar varðandi hækkun árgjalda samþykkt samhljóða.

Ferðamál.

Verulegur hluti reiðvegafjár fer í viðhald á vegum í óbyggðum. Endurskoða þarf vinnureglu um veitingar í sérstaka fjórðunga.

Allsherjarnefnd.

Gleðileg þróun hefur orðið hjá sveitarfélögum í gerð íþróttamannvirkja.

Útgáfumál.

Fjárhagsstaða Hestsins Okkar orðin mjög tæp. Jens Einarsson sagði starfi sínu lausu. Auglýst eftir ritstjórna og samið við fyrirtækið Nýtt Líf, Þráinn Bertelsson. Stjórnin fól ritnefnd að annast samning sem gerður skyldi til þriggja ára. Blaðið skal vera mál gagn L.H. og Landssambandið hafi aðgang að samstarfsnefnd við Nýtt Líf til að gæta hagsmuna L.H. Í nefndinni eru: Kári Arnórsson, Helgi Eggertsson og Sigríður Johnsen. Jóreykurinn hefur flutt fréttir af starfi stjórnarinnar. Einnig voru gefnir út bæklingar um ferðalög og umgengni við landið. Nær fullbúin eru tvö handrit af Áföngum. Það er svæðið frá Þjórsá austur að Kirkjubæjarklaustri og svæðið frá Hvítá í Borgarfirði vestur um Snæfellsnes og Dali. Fjölmargir aðilar hafa safnað leiðarlýsingum og eiga þeir miklar þakkir fyrir.

Samningar við F.T.

Fulltrúar F.T., L.H. og F.H. hittust 22. nóv. 1989 og gengu frá gjaldi fyrir tæmingar og reiðkennslu.

Mótadagar félaganna.

Skrifstofa L.H. og formaður mótanefndar Sigfús Guðmundsson unnu úr umsóknum félaganna og mótanefnd raðaði niður.

Reiðvegafé.

Úthlutað var 4.800.00.- að mestu á norðurland vegna landsmóts.

Áningahólf L.H.

Gistinætur í Skógarhólum voru um 2.400. Töluverðar lagfæringar voru gerðar þar. L.H. sá um útgáfu á bæklingi með gististöðum og landakorti frá Skógarhólum um Kaldadal í Skagafjörð.

Áningahólfasjóður.

Nokkur félög fengu úthlutun kr. 50.000 fyrir hvert hólf.

Reiðhöllin - Reiðskólinn.

Í janúar var Reiðskólinn stofnaður sem starfræktur yrði í Reiðhöllinni. Samið var við P.J. verktaka um rekstur hússins og reiðskólans. Pétur J. Hákonarson veitti þeim rekstri forstöðu. Aðsókn mjög góð. Styrkur úr ríkissjóði 1.500.000 og frá L.H. 1.000.000.-

Samstarf um landnýtingu og ferðalög.

Mjög gott samstarf hefur verið milli L.H. Landgræðslu ríkisins, B.Í., Félags hrossabænda, Náttúruverndarráðs og Íshesta um beitarmál og ferðalög. Tvær nefndir eru starfandi í þessum málum.

Landsmótið.

Það var haldið í júlí 1990 á Vindheimamelum. Mótið hið fjölsóttasta hingað til. Á þessu ári voru 40 ár liðin frá fyrsta landsmóti L.H. Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir heiðraði mótið með nærveru sinni. Til minningar um þennan atburð var vígður skógarreitur er hlaut nafnið HÓFTUNGA. Þar plantaði forsetinn trjáplöntum að viðstöddum unglingum úr öllum félögum. Afhjúpaði Vigdís stuðlabergsdrang sem sunnlensku hestamannafélögin gáfu í tilefni afmælistótsins.

Helstu viðburðir ársins.

Sýning stóðhestastöðvarinnar 5. maí, Íslandsmót í hestaíþróttum 17.-19. ágúst. Hestadagar í Reiðhöllinni.

Ferðanefnd.

Nefndina skipa eftirtaldir menn: Ólafur B. Schram, formaður, Þór Guðmundsson og Bjarni Hólm Frímannsson. Nefndin hefur starfað aðallega að heimildarsöfnun um reiðleiðir og safnar upplýsingum um þær.

Gæðinga- og unglinganefnd.

Á fund L.H. þann 26. mars 1990 var gengið frá tilnefningu í nefndina. Hana skipa nú sjö manns í stað fimm áður. Nefndin stóð fyrir landsdómaranámskeiði. Próf stóðust 13 dómarar. Nefndina skipa nú: Jóhann Þorsteinsson, Gunnar Arnarson, Rosmarie Þorleifsd., Guðlaugur Antonsson, Olil Amble, Sigrún Sigurðardóttir og Þórður Axelsson.

Frá dómarafélagi L.H.

Gengið var frá samningi um kaup og ferðakostnað dómara. Samningurinn er dags. 26. jan. 1990. Á landsmótinu á Vindheimamelum störfuðu fjórar sex manna dómnefndir auk varamanna. Stórn dómarafélags skipa: Jóhann Þorsteinsson, Sigurður Guðmundsson, Jóhann Þ. Friðgeirsson.

Frá hrossaræktarnefnd.

Árið 1990 tók hrossaræktarnefnd Búnaðarfélags Íslands til starfa. Hún er skipuð af Búnaðarþingi. Þar með var sýningarnefnd lögð niður. Fulltrúar L.H. í nefndinni eru: Skúli Kristjónsson og Guðmundur Jónsson.

Frá fræðslunefnd.

Fræðslunefnd leggur til endurskipulagningu fræðslumála og bendir á þrjá þætti.

1. Koma í framkvæmd hugmynd Alberts Jóhannssonar um útgáfu handbókar hestamannsins.
2. Að halda góðri samvinnu við Hestinn Okkar.
3. Tillaga til L.H. 1990.
Fræðslunefnd leggur til að settur verði á stofn sjóður til styrktar gerð fræðsluefnis um hestamennsku. Styrkir veitist til einstaklinga og félagasamtaka sem hafa hug á gerð slíks efnis.

Frá æskulýðsfulltrúa.

Víðast hvar er mikill áhugi fyrir unglingastarfi, þó aðeins misjafn eftir landshlutum. Utanlandsferð féll niður vegna landsmóts, en slíkar ferðir hafa verið farnar með unglinga undanfarin ár. Æskulýðsfulltrúi L.H. er Kolbrún Kristjánsdóttir.

Starfsemi FEIF 1990.

Að Hólum í Hjaltadal var haldið námskeið fyrir kynbótadómara innan FEIF. Næsta HM verður haldið í Norrköping í Svíþjóð dagana 12.-18. ágúst 1991. Ársfundur FEIF var haldinn að Hólum 9. júlí. Fulltrúi Íslands í stjórn er: Sigurður Ragnarsson, Þorgeir Guðlaugsson er blaðafulltrúi.

Gunnar B. Gunnarsson las upp og skýrði reikninga L.H. Fjárhagur samtakanna virðist nokkuð góður. Engar umræður um reikningana, þeir samþykktir samhljóða.

Hrossarækt sem búgrein. Steingrímur J. Sigfússon.

Ráðherra ræddi um mikla fjölgun hrossa á síðustu árum, áætlað að þau séu um 70 þúsund. Taldi að framtíðarmöguleikar væru eingöngu í framleiðslu reiðhrossa til sölu erlendis og á heimamarkaði. Ekki væri ástæða til, að gleðjast án fyrirvara yfir fjölgun hrossa í landinu, huga þyrfti að afsetningarmöguleikum og beitarþoli. Fram kom að aldrei hefur staðið til að ríkisvaldið stæði alfarið og sæi eingöngu um útflutning hrossa. Heldur standi til boða stuðningur hins opinbera í formi ráðgjafar og upplýsinga. Ráðherra fagnaði endurkomu Eyfirsku félaganna í L.H.

Gunnar Bjarnason kom í pontu og fór mikinn að venju í máli sínu, beindi spjótum sínum víða og hressti upp á fundarfólk.

Þá kynnti þingforseti tillögur stjórnar, um nefndir og formenn þeirra.

1. Mótanefnd, Stefán Pálsson, Fákur.
2. Allsherjarnefnd, Kristján Auðunsson, Fákur
3. Laganefnd, Ragnar Tómasson, Fákur
4. Gæðinga-og ungl.n. Jóhann Þorsteinsson, Stígandi.
5. Fræðslu-og útgáfun. Elísabet Þórólfsdóttir, Andvari.
6. Kynbótanefnd, Ingimar Sveinsson, Faxi.
7. Ferðanefnd, Gísli R. Sveinsson, Ljúfur.
8. Fjárhagsnefnd, Marínó Hákonarson, Hending.

Þá var málum vísað til nefnda.

Þingskjal no 2 til fjárhagsnefndar, flutt af L.H.

41. ársþing L.H. haldið á Hótel Húsavík 26. og 27. október 1990 samþykkir eftirfarandi tillögu að fjárhagsáætlun L.H. fyrir árið 1991:

Tekjur.

1. Árgjöld félaga 16 ára og yngri	780 á kr.	400	312.000
17 - 69 ára	6.369 á kr.	800	5.095.200
70 ára og eldri	414 á kr.	0	0
2. Styrkir			500.000
3. Útgáfustarfsemi og aðrar tekjur			100.000
			6.007.200

Útgjöld.

1. Laun og launatengd gjöld	2.200.000
2. Húsaleiga og skrifstofukostnaður	1.300.000
3. Þinghald og fundir	500.000
4. Akstur og ferðakostnaður	290.000
5. Æskulýðsstarf	585.000
6. Dómaranámskeið og fræðsla	250.000
7. Kostnaður v/áningahólfa	100.000
8. Vaxtagjöld umfram tekjur	135.000
9. Afskriftir	140.000
10. Uppbygging Skógarhóla	150.000
11. Ýmislegt ófyrirséð	357.200
	6.007.200

Þingskjal no. 3 til fjárhagsnefndar, flutt af L.H.

41. ársþing L.H. haldið á Húsavík 26. og 27. okt. 1990 samþykkir að taka upp að nýju gjald vegna bygginga áningahólfa. Gjald þetta skal vera kr. 30.- af hverjum þeim félaga í Landssambandinu er greiðir fullt gjald. Fé þetta rennur í sérstakan sjóð sem styrkir byggingu áningahólfa á fjölförnum leiðum. Álagning þessi skal gilda í þrjú ár og skal þá endurskoðuð.

Dingskjal no. 4 til allsherjarnefndar, flutt af hestamanna-
félaginu Faxe.

41. Ársþing L.H. haldið á Húsavík 26.-28. okt. 1990
skorar á stjórn L.H. að marka skýrar reglur um félagsaðild
og keppnisrétt erlendra ríkisborgara í hestamannafélögum.

Dingskjal no. 5 til kynbótanefndar, flutt af hestamanna-
félaginu Faxe.

41. Ársþing L.H. haldið á Húsavík 26.-28. okt. 1990
beinir því til stjórnar Búnaðarfélags Íslands og hrossa-
ræktarráðunauta þess, að þeir hestar sem skráðir verða
í ættbók verði blóðprófaðir.

Dingskjal no. 6 til allsherjarnefndar, flutt af hestamanna-
félaginu Faxe.

41. Ársþing L.H. haldið á Húsavík 26.-28. okt. 1990
hvetur til að frostmerkingar verði almennt teknar upp á
hrossum, en jafnframt fer það þess á leit við Búnaðarfélag
Íslands að það breyti reglum þannig að eigendur hrossanna
ráði því hvort hrossið sé merkt á hálsi eða baki þegar merkt
er með tölustöfum.

Dingskjal no. 7, til ferðanefndar, flutt af hestamanna-
félaginu Hendingu.

41. Ársþing L.H. haldið á Húsavík dagana 26.-27. október
samþykkir að fela stjórn Landssambands hestamanna að
hefja viðræður við Samgöngumálaráðuneytið, með það að
markmiði að tryggja hestamannafélögunum rétt til ráðstöfunar
þeim fjármunum sem veitt er til reiðvega á félagssvæði
sínu á hverjum stað.
Alllöng greinargerð fylgdi þessari tillögu.

Dingskjal no. 8, til fræðslunefndar, flutt af fræðslunefnd L.H.

Tillaga til Ársþings L.H. 1990. Fræðslunefnd leggur til
að settur verði á stofn sjóður til styrktar gerð fræðslu-
efnis um hestamennsku. Styrkir veitist til einstaklinga og
félagasamtaka, sem hug hafa á gerð slíks efnis.
Greinargerð fylgdi þessari tillögu.

Dingskjal no 9, til gæðinga og unglinganefndar, flutt af
hestamannafélaginu Herði.

Breytingartillaga við 13. grein reglna um gæðingakeppni L.H.

Ársþing L.H. haldið á Húsavík 26.-27. okt. 1990 samþykkir
eftirfarandi breytingu á 13. grein reglna um gæðingakeppni L.H.
"þar sem um er að ræða 300 metra hringvöll skal ríða þrjá
hringi", verði á þessa leið: "þar sem um er að ræða 300
metra hringvöll er heimilt að ríða allt að þremur hringjum
í dómi".
Greinargerð fylgdi þessari tillögu.

Þingskjal no. 10, til mótanefndar, flutt af stjórn Dómarafélags L.H.

41. Ársþing L.H. haldið á Húsavík 26.-27. október 1990 samþykkir að úrtökukeppni í gæðinga- og unglingaflokkum fyrir lands- og fjórðungsmót skuli einungis farið eftir lögum L.H.

Með þessu þingskjali fylgdi greinargerð.

Þingskjal no. 11, til allsherjarnefndar, flutt af hestamannafélaginu Gusti.

Um lyfjapróf í stærri mótum.

41. ársþing L.H. samþykkir að fela stjórn sambandsins að skipa nú þegar nefnd til að kanna gildandi reglur erlendis um lyfjapróf á keppnishrossum. Í framhaldi af því verði samdar reglur fyrir lyfjapróf á hestum á Íslandi. Greinargerð var með þessari tillögu.

Þingskjal no. 12, til mótanefndar, flutt af hestamannafélaginu Sörla.

41. ársþing L.H. 26.-27. okt. 1990 á Húsavík.
Tillaga: Að keppt verði í flokki 16-18 ára á fjórðungs- og landsmótum, og nefnist hann "ungmennaflokkur".

Þingskjal no. 13, til kynbótanefndar, flutt af hestamannafélaginu Fáki.

41. ársþing L.H. haldið á Húsavík 26. og 27. okt. 1990.
Ársþing L.H. felur stjórn samtakanna að beita sér fyrir því að fram fari vönduð og ítarleg könnun á því hverjar óskir íslenskir hestamenn hafa helst um eiginleika íslenska reiðhestsins. Könnunin taki til allra þeirra þátta sem telja má að geti skipt hestamenn máli, þ.m.t. hæfileika, byggingu, stærð og liti hrossa. Þá verði reynt að kynnst viðhorfum erlendra áhugamanna um íslenska hestinn til sömu atriða. Niðurstöður verði síðan kynntar með það í huga að íslensk hrossarækt geti haft þær til hliðsjónar.

Þingskjal no. 14, til ferðanefndar, flutt af hestamannafélaginu Fáki.

41. ársþing L.H. haldið á Húsavík 26.-27. okt. 1990, samþykkir að gert verði sérstakt átak til að auka öryggi í samskiptum hestamanna og akandi umferðar á þjóðvegum. Greinargerð fylgdi þessari tillögu.

Þingskjal no. 15, til fræðslunefndar, flutt af hestamannafélaginu Fáki.

41. ársþing L.H. haldið á Húsavík 26.-27. okt. 1990 samþykkir að beina því til stjórnar landssambandsins að skipaður verði upplýsingafulltrúi er sinni samskiptum við fjölmiðla. Með þessari tillögu fylgdi greinargerð.

Dingskjal no. 16, til allsherjarnefndar, flutt af hestamannafélaginu Fái.

41. ársþing L.H. haldið á Húsavík 26.-27. okt. 1990, hvetur keppendur allra aðildarféлага að koma ávallt fram í félagsbúningum þegar keppt er á mótum.

Dingskjal no. 17, til mótanefndar, flutt af stórmótanefnd L.H.

Álit millipinganefndar L.H. um endurskipulag fjórðungs- og landsmóta.

Nefndin var sammála um að leggja fram eftirfarandi reglur um skipulag og framkvæmd fjórðungs- og landsmóta.

1. Landsmót L.H. og B.Í. skulu frá og með árinu 1994 haldin þriðja hvert ár. Að landsmóti (framkvæmd og rekstri) skulu standa hestamannafélög í tveimur fjórðungum hverju sinni, annars vegar Sunnlendingar og Vestlendingar, en hinsvegar Norðlendingar og Austfirðingar. Landsmótsstaður skal ákveðinn af fjórðungsráðum þeirra fjórðunga sem að því standa. Sú ákvörðun skal liggja fyrir eigi síðar en í desember eftir síðasta landsmót.
2. Stjórn L.H. hefur forgöngu um undirbúning lands- og fjórðungsmóta á þann hátt að hún kemur á fundi fjórðungsráðanna í þeim fjórðungum sem standa að lands og fjórðungsmóti hverju sinni. Fjórðungsráðin starfa sem undirbúningsnefnd mótanna og skipa síðan 5 manna framkvæmdanefnd. L.H. tilnefnir 1 mann til starfa með framkvæmdanefndinni.
3. Tímasetning lands- og fjórðungsmóta skal ákveðin sameiginlega af stjórn B.Í., stjórn L.H. og framkvæmdanefnd mótsins. Mótin skulu haldin eigi síðar en í fyrstu viku júlí en sé ástæða til breytinga þar á, skulu sömu aðilar fjalla um það.
4. Kynbótasýningar lands- og fjórðungsmóta skulu fara fram í samræmi við reglur um dóma- og sýningar kynbótahrossa og reglugerð þar að lútandi.
5. Eftirtalin atriði skulu ákveðin í sameiningu af stjórn L.H., framkvæmdanefnd og stjórn B.Í. þegar við á:
 - a) Fjöldi gæðinga í gæðingakeppni.
 - b) Fjöldi þátttakenda í unglingakeppni.
 - c) Ákvörðun lágmarkstíma kappreiðahrossa.
 - d) Fjöldi hrossa í kynbótasýningum.
 - e) Dagskrá mótanna.

6. Um skipun dómnefnda á lands- og fjórðungsmótum:
 - a) Stjórn B.Í. skipar dómnefnd kynbótahrossa.
 - b) Stjórn L.H. skipar dómnefnd í gæðinga og unglingakeppnum að fengnum tillögum Dómarafélags L.H.
 - c) Stjórn L.H. skipar kappreiðadómnefnd að fengnum tillögum frá framkvæmdanefnd viðkomandi landsmóts.
7. Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í unglingakeppni á lands- og fjórðungsmótum skal fara fram hjá félöguunum eftir lögum og reglum L.H. um gæðinga- og unglingakeppnir. Þó skal stjórnnum viðkomandi hestamannafélaga heimilt að láta fara fram tvær umferðir í úrtökukeppninni og skal þá hærri einkunn ráða. Einnig að unglingar fái að mæta með fleiri en eitt hross í úrtökukeppni. Vinni unglingur sér rétt til keppni á lands- eða fjórðungsmóti með fleiri en eitt hross verður hann að sjálfsöögðu að velja eitt þeirra eins og lög og reglur L.H. segja til um. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á lands- eða fjórðungsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð.
8. Sú tilhögun verði við ákvörðun á keppnisröð hrossa í gæðinga- og unglingakeppnum á lands- og fjórðungsmótum að framkvæmdanefnd dragi um þau sæti sem hverju keppnishrossi ber.
9. Landsmót skulu kvikmynduð (þ.m.t. myndbönd) og greiði þau a.m.k. helming kostnaðar við myndatökuna en L.H. annast fjáröflun að hálfu. L.H. varðveitir myndirnar og hlýtur þær tekjur er kunna að fást af sýningu þeirra og sölu.
10. Flutningastyrkir á sýningahross á landsmótum ef greiddir verða skulu ákveðnir sameiginlega af stjórn L.H. og framkvæmdanefnd.
11. Reglum þessum má breyta á ársþingi L.H. með venjulegum undirbúningi.

Þingskjal no. 18, til gæðinga og unglinganefndar, flutt af millipínganefnd um endurskipulagningu stórmóta.

41. ársþing haldið á Húsavík 26.-27.okt. 1990 samþykkir eftirfarandi breytingar á 19. grein reglna L.H. um gæðingakeppni.

Greinin hljóði þannig:

1. Sú tilhögun verði við ákvörðun á keppnisröð hrossa í gæðingakeppni á lands- og fjórðungsmótum að framkvæmdanefnd dragi um þau sæti sem hverju keppnishrossi ber.
2. Ennfremur breytist grein um keppnisröð í reglugerð um unglingakeppni. Greinin hljóði þannig:

Sú tilhögun verði við ákvörðun á keppnisröð keppenda í unglingakeppni á lands- og fjórðungsmótum að framkvæmdanefnd dragi um þau sæti sem hverjum keppanda ber.

Greinargerð fylgdi með þessari tillögu.

Þingskjal no. 19, til gæðinga og unglinganefndar, flutt af gæðinga og unglinganefnd L.H.

41. ársþing L.H. haldið á Húsavík 26.-27. okt. 1990 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um gæðingakeppni.
2. liður 17. gr. IV kafla, fellur niður og í hans stað kemur:

A-Flokkur:

Í upphafi úrslitakeppni á A-flokki skulu eftirfarandi atriði lesin upp fyrir keppendur:

Úrslit í A-flokki skulu fara þannig fram.:

Sýna skal tölt, upp í milliferð, allt að tveimur hringjum til hvorrar handar.

Brokk upp í milliferð, allt að tveimur hringjum til hvorrar handar.

Sýna skal brokk minnst tvær langhliðar.

Sýna skal tvo skeiðspretti og skulu báðir riðnir til sömu handar, að höfðu samráði við keppendur (fyrirfram).

Á milli atriða, og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.

B-Flokkur.

Í upphafi úrslitakeppni í B-flokki skulu eftirfarandi atriði lesin upp fyrir keppendur.:

Úrslit í B-flokki skulu fara þannig fram:

Sýna skal hægt tölt, einn hring til hvorrar handar. Síðan hægt tölt, með hraðamun, upp að milliferð, einn hring til hvorrar handar.

Brokk skal riðið með hraðamun, allt að tvo hringi til hvorrar handar.

Að lokum skal sýna greitt tölt, einn hring til hvorrar handar.

Á milli atriða, og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja hesta sína niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

Séu tveir eða fleiri hestar jafnir skal skorið úr með bráðabana eða hlutkesti (þá í samráði við keppendur), hann skal alltaf riðinn á vinstri hönd, einn hring á hverri gangtegund eins og í úrslitakeppni.

Á þetta við um bæði gæðinga- og unglingaflokka.

Greinargerð fylgdi með þessari tillögu.

Þingskjal no. 20, til laganefndar, flutt af skipulagsnefnd L.H.

41. ársþing L.H. haldið á Húsavík 26.-27. okt. 1990.

Tillaga um breytingar á lögum L.H.

3. gr. Aftan við e-lið bætist: Í samvinnu við HfS.

Úr 4. gr. falli niður orðin: -- svo og íþróttaráð L.H.

5. gr. er ný og hljóðar þannig:

Fjórðungsráð L.H. skulu skipuð í öllum landsfjórðungum og sé verksvið þeirra nánar skilgreint í reglugerð.

Í 6. gr. skal setning sem hefst á Hrossaræktarráðunautur vera þannig: Hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands skulu ... o.s.frv.

Breyting á 6. gr. um félagafjölda á bak við hvern fulltrúa breytist þannig:

Félög með færri en 100 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 101-200 félagsmenn fá tvo fulltrúa, félög með 201 félagsmann þrjá fulltrúa o.s.frv.

Önnur málsgrein 8. greinar verði þannig.:

Kjósa skal formann og gjaldkera sérstaklega, en auk þess skipa formenn fjórðungsráða og formaður HÍS stjórn L.H. Stjórnin kýs varaformann og varagjaldkera úr sínum röðum.

Í 13. grein skal setning sem hefst á orðinu: Öll ... vera þannig:

Öll fjórðungsráð skulu senda stjórn L.H. skýrslu um starfssemi sína og sinna hestamannafélaga. Stjórnin lætur í té skýrsluform ... o.s.frv.

Starfsreglur fyrir fjórðungsráð.

10. grein þeirra verði þannig:

Þegar landsmót er haldið skulu þeir fjórðungar sem að því standa ákveða landsmótsstað. Sú ákvörðun skal liggja fyrir eigi síðar en í desember eftir síðata landsmót.

Með þessum tillögum fylgdu starfsreglur fyrir fjórðungsráð og lög L.H. Starfsreglur fyrir fjórðungsráð fylgja hér á eftir:

Starfsreglur fyrir fjórðungsráð Landssambands hestamannafélaga.

1. Fjórðungsráð L.H. skulu starfa í öllum landsfjórðungum og séu starfssvæðin hin sömu og gilda fyrir fjórðungsmót.

2. Hlutverk fjórðungsráða er m.a. að:

(a) Efla samvinnu og skipuleggja samstarf félaganna um mótahald og aðra félagsstarfsemi og gera tillögur til mótanefndar L.H. um niðurröðun móta innan viðkomandi fjórðungs.

(b) Stuðla að öfluggu fræðslu- og unglingastarfi innan fjórðunganna og aðstoða smærri félög um eflingu og uppbyggingu innra starfs. Heimilt er að ráða unglingafulltrúa til starfa og hafa í því efni samstarf við aðra fjórðunga.

(c) Skipuleggja og gera tillögur um uppbyggingu áningarstaða og reiðleiða innan fjórðunganna.

3. Fjórðungsráðin skulu skipuð einum fulltrúa frá hverju starfandi hestamannafélagi innan viðkomandi fjórðungs sem aðild á að L.H. Hvert hestamannafélag tilnefnir sinn fulltrúa í fjórðungsráð.
4. Fjórðungsráð kýs sér formann, varaformann og ritara til tveggja ára í senn.
Formaður og varaformaður skulu kosnir sama árið, en ritari það ár sem ekki er kosið um formann.
5. Hver fulltrúi í fjórðungsráði hafi við atkvæðagreiðslu innan ráðsins atkvæðamagn í samræmi við félagafjölda síns félags, skv. uppgjöri við L.H. árið áður.
6. Hverju hestamannafélagi sem aðild á að fjórðungsráði er skylt að gera skriflega grein fyrir starfi sínu til fjórðungsráðs og skal það gert fyrir haustfund ráðsins.
7. Fjórðungsráðin geri fjárhagsáætlun um rekstur ráðanna, sem háðar eru samþykki stórnar L.H.
L.H. greiði kostnað við rekstur fjórðungsráðanna enda sé hann innan marka fjárhagsáætlana.
8. Fjórðungsráð skulu halda a.m.k. þrjá fundi á ári.
Einnig skal boða til fjórðungsráðsfunda oftast ef ástæða þykir til og/eða þrír fulltrúar eða fleiri óska eftir fundi.
9. Fjórðungsráð ákveður mótsstað fyrir fjórðungsmót í viðkomandi fjórðungi tveim árum áður en mót fer fram.
10. Þegar landsmót er haldið skulu þeir fjórðungar sem að því standa ákveða landsmótsstað. Sú ákvörðun skal liggja fyrir eigi síðar en í desember eftir síðasta landsmót.

Þingskjal no. 21, til mótanefndar, flutt af hestamannafélögunum, Funa, Hring, Létti og Þráni.

Breytingartillala við tillögu millipinganefndar um framtíð stórmóta, en hún er no. 17.

Í stað 1. liðar í tillögu millipinganefnar komi.:

1. Landsmótum L.H. og B.Í. skal skipt upp í framtíðinni þannig að landsmót verði haldin á tveggja ára fresti með mismunandi áherslum, þannig að á fjögurra ára fresti séu haldin landsmót, sem hafi aðaláherslu á sýningu og dóma kynbótahrossa, en þar á milli séu haldin landsmót sem hafi aðaláherslu á sýningu og keppni gæðinga.
Landmót skal þó halda með óbreyttu sniði árið 1994, en síðan verði landsmót kynbótahrossa haldið árið 1996, landmót gæðinga 1998 o.s.frv.
Jafnframt séu fjórðungsmót með núverandi sniði lögð niður eftir árið 1995.

Að landsmóti (framkvæmd og rekstri) skulu standa hestamannafélög í tveimur fjórðungum hverju sinni, annars vegar Sunnlendingar og Vestlendingar, en hins vegar Norðlendingar og Austlendingar.

Mótaröðin yrði þá eftirfarandi.:

1991 fjórðungsmót, Gaddstaðafllötum.
1992 fjórðungsmót, Vesturlandi.
1993 fjórðungsmót, Norðurlandi.
1994 landsmót, Suðurlandi.
1995 fjórðungsmót, Austurlandi.
1996 landsmót kynbótahrossa, Norðurlandi eða Austurlandi.
1997
1998 landsmót gæðinga, Norðurlandi eða Austurlandi
1999
2000 landsmót kynbótahrossa, Suðurlandi eða Vesturlandi
2001
2002 landsmót gæðinga, Suðurlandi eða Vesturlandi.

Varðandi val á landsmótsstað, þá skulu fjórðungsráð þeirra fjórðunga sem að því standa ákveða í hvorum fjórðungnum það skuli haldið og síðan skal viðkomandi fjórðungsráð ákveða staðarvalið.

Ákvörðun um landsmótsstað skal ákveðin eigi síðar en í desember eftir síðasta landsmót.

Fjórðungsráð ákveði fjórðungsmótsstað hverju sinni með minnst árs fyrirvara.

Alllöng greinargerð fylgdi þessari tillögu.

Erindi: Uppeldi og fóðrun folalda og unghrossa.
Ingimar Sveinsson, Hvanneyri.

Ingimar flutti mjög skilmerkilegt og þarft erindi um þessi mál. Fram kom í máli hans að athugun hefur verið gerð á 50 folöldum frá fæðingu til 1 árs aldurs hvað varðar stærð og þyngd. Einnig hve markviss og rétt fóðrun ungviðisins er mikilvæg upp á seinni tíma, hvað varðar betri fótagerð og þol hrossa. Mikilvæg er ekki síður hreyfing fyrir ungviðið, að þau fái daglega að fara út ef í þröngum stíum eru. Orðið síðan gefið laust um erindið. Til máls tóku: Guðbrandur Kjartansson, Fáki og Þorsteinn Egilsson, Trausta.

Þá urðu umræður um álit millipinganefnda.

Þingskjal no. 20. Skipulagsmál L.H. Álit millipinganefndar.
Kári Arnórsson fylgdi tillögunni úr hlaði.

Kristján Auðunsson kom í pontu og vitnaði í viðtal við Kára í Morgunblaðinu þar sem fram kemur að hann gæfi ekki kost á sér áfram sem formaður ef tillagan yrði ekki samþykkt. Það Kára um svar hvort þetta væri rétt.

Kári svaraði því til að hann væri búinn að vera 6 ár í stjórn og að hans áliti tímabært að hætta, en sér þætti þó ástæða að starfa áfram ef þessi skipulagsmál næðu fram að ganga.

Fyrirkomulag stórmóta: Álit millipinganefndar.
Þingskjöl no. 17 og 18. Framsögumaður, Sigfús Guðmundsson.

Skúli Kristjánsson vildi breyta lið nr. 6 þannig að í lok a-liðar komi: að tillögum kynbótanefndar.

Kristinn Hugason taldi þetta ekki koma til greina, þar sem B.Í. færi alfarið með þetta mál.

Skúli svaraði því til að þingið réði hér, en ekki Kristinn. Kári Arnórsson ræddi liði 9 og 10, hver ætti að standa undir kostnaði sem væri gífurlegur.

Málum vísað til nefnda og þær hefja störf kl. 18.00.

Kl. 10.00 þingfundur hefst með því að nefndir skila álitum.

1. Fyrstur á mælendaskrá var formaður fjárhagsnefndar,
Marinó Hákonarson.

Lagði hann fram þingskjöl nr. 2 og 3
Breytingartillaga við þingskjal nr. 2

41. ársþing L.H. haldið á Hótel Húsavík 26. - 27. okt. 1990
samþykkir eftirfarandi tillögu að fjárhagsáætlun L.H. fyrir
árið 1991.

Tekjur:

1. Árgjöld félaga		
16 ára og yngri 780 á) kr. 410.-	kr.	319.800
17-69 ára 6.369 á) kr. 820.-	kr.	5.222.580
		5.542.380
2. Styrkir		500.000
3. Útgáfustarfsemi og aðrar tekjur		100.000
		6.142.380

Útgjöld:

1. Laun og launatengd gjöld	kr. 2.200.000
2. Húsaleiga og skrifst. kostn.	1.300.000
3. Þinghald og fundir	500.000
4. Akstur og ferðakostn.	290.000
5. Æskulýðsstarf	720.000
6. Dómaranámskeið og fræðsla	250.000
7. Kostn. v/áningahólfa	100.000
8. Vaxtagjöld umfram tekjur	135.000
9. Afskriftir	140.000
10. Uppbygging Skógarhóla	150.000
11. Ýmislegt ófyrirséð	357.380
	kr. 6.142.380

Þingskjal nr. 3 fellt út en þingskjal nr. 3-A samþykkt með
þorra atkvæða gegn 2, en það hljóðar svo:

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur.

Framsögumaður: Marinó Hákonarson, formaður fjárhagsnefndar.

41. ársþing L.H. haldið á Hótel Húsavík 26.-27. okt. 1990
samþykkir að taka upp gjald vegna bygginga áningahólfa.
Gjald þetta skal vera ákveðið hlutfall af aðgangseyri fjórðungs-
móta og landsmóta. Gjald þetta skal vera 2% af heildarsölu
aðgangseyris. Fé þetta rennur í sérstakan sjóð, sem styrkir
byggingu áningahólfa á reiðleiðum. Þá er heimilt að sjóðurinn
styrki gerð reiðvega. Stjórn L.H. fer með stjórn sjóðsins.

Með því að gera framangreint gjald hlutfall af aðgangseyri framangreindra stórmóta, er mögulegt að mikið fleiri aðilar en aðeins félagar L.H. greiði áður nefnt gjald. Stórmótin sækja erlendir áhugamenn í þúsundatali og einnig fólk sem ekki er félagsbundið í hestamannafélögum. Ljóst má vera að fleiri beinar gjalddökur til hestamannafélaga eru ofviða ýmsum smærri félögum sem berjast í bökkum fjárhagslega. Landsmót og fjórðungsmót eru þær samkomur hestamanna sem helst gefa af sér umtalsverðar tekjur samanber landsmótið á síðasta sumri og getur því ekki talist ósanngjarnnt að lítil hluti tekna gangi til mála er snerta alla hestamenn.

2. Álit ferðanefndar. Framsögumaður Gísli Rúnar Sveinsson.

Fyrir nefndina komu tvær tillögur.

Þingskjal nr. 7 frá hestamannafélaginu Hendingu, var vísað til stjórnar L.H. til frekari umfjöllunar með það að markmiði að samræma framkvæmd þessara mála í einstökum umdæmum.

Þingskjal nr. 14 frá hestamannafélaginu Fáki fékk talsverða umfjöllun í nefndinni. Það var samþykkt samhljóða af þingfulltrúum.

3. Álit fræðslu- og útgáfunefndar. Framsögumaður: Elíabet Þórólfsdóttir.

Þingskjal nr. 8 Breytingartillaga frá hestamannafélaginu Geysi um að liður 2 falli út, tillagan samþykkt með þorra atkvæða. Hún síðan borið upp þannig breytt og þá felld með 32 gegn 25.

Þingskjal nr. 15 samþykkt svohljóðandi:

41. ársþing L.H. haldið á Hótel Húsavík dagana 26. - 27. okt. 1990 samþykkir að beina því til stjórna lands- og fjórðungsmóta að þau skipi upplýsingafulltrúa er sinni samskiptum við fjölmiðla.

4. Álit allsherjarnefndar. Framsögumaður: Kristján Auðunsson.

Þingskjal nr. 4 vísað frá, samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 16, samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 22:

41. ársþing L.H. haldið á Húsavík dagana 26.-27. okt. 1990 leggur til að stjórn sambandsins hafi forgöngu um að koma á samstarfshópi hestamanna og annarra gróðurverndarmanna. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 6

41. ársþing L.H. haldið á Húsavík dagana 26.-27. okt. 1990 hvetur til að frostmerkingar verði almennt teknar upp á hrossum, en jafnframt fer það þess á leit við B.Í. að það beiti sér fyrir að reglugerð um mörk og markaskrár verði breytt.

Samþykkt með þorra atkvæða gegn 7.

5. Álit gæðinga-og unglinganefndar.

Framsögumaður: Jóhann Þorsteinsson.

Þingskjal nr. 18, samþykkt samhljóða.

41. ársþing L.H. á Húsavík ákveður að breytingar þær sem ársþingið samþykkir að gera að þessu sinni á reglugerð um gæðingakeppni skulu taka gildi þegar í stað.

Þingskjal nr. 9 Til máls tóku um tillögu þessa þeir Þorsteinn Egilsson, Trausta og Kristmundur Halldórsson, Gusti.

Samþykkt af nefndinni að vísa tillögunni frá og það síðan samþykkt af þingfulltrúum með 52 gegn 13.

Þingskjal nr. 19 Til máls tóku um tillögu þessa, Ragnar Tómasson, Jónas Vigfússon, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Kári Arnórsson.

Breytingartillaga frá Ragnar Tómassyni, Fáki um að bráðabani skuli einungis vera um efstu sætin, annars hlutkesti.

Tillagan hljóðar þá þannig:

41. ársþing L.H. haldið á Húsavík dagana 26.-27. okt. 1990 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um gæðingakeppni:

2. liður 17. gr. IV kafla fellur niður og í hans stað kemur:

A-flokkur:

Í upphafi úrslitakeppni í A-flokki skulu eftirfarandi atriði lesin upp fyrir keppendur.:

Úrslit í A-flokki skulu fara fram þannig:

Sýna skal tölt (frjáls hraði) allt að tveimur hringjum til hvorrar handar.

Brokk allt að tveimur hringjum til hvorrar handar.

Sýna skal brokk minnst tvær langhliðar.

Sýna skal tvo skeiðspretti og skulu báðir riðnir til sömu handar, að höfðu samráði við keppendur (fyrirfram).

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

Séu tveir eða fleiri hestar jafnir í 1. og 2. sæti í úrslitakeppni skal skorið úr með bráðabana, en ella með hlutkesti.

Bráðabani skal riðinn á vinstri hönd einn hring á hverri gangtegund.

B-flokkur:

Í upphafi úrslitakeppni í B-flokki skulu eftirfarandi atriði lesin upp fyrir keppendur.

Úrslit í B-flokki skulu fara þannig fram:

Sýna skal hægt tölt, einn hring til hvorrar handar. Síðan hægt tölt, með hraðamun upp að milliferð, einn hring til hvorrar handar.

Brokk skal riðið með hraðamun allt að tvo hringi til hvorrar handar. Að lokum skal sýna greitt tölt allt að tveimur hringjum til hvorrar handar. Á milli atriða, og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja hesta sína niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd. Séu tveir eða fleiri hestar jafnir í 1. og 2. sæti í úrslitakeppni skal skorið úr með bráðabana en ella með hlutkesti. Bráðabani skal riðinn á vinstri hönd einn hring á hverri gangtegund. Á þetta við um bæði gæðinga- og unglingaflokk.

6. Álit laganefundar. Framsögumaður: Ragnar Tómasson.

Dingskjal nr. 20. Miklar umræður urðu um tillögu þessa misjafnlega mikið til bóta, þeir sem til máls tóku voru Jónas Vigfússon, Kári Arnórsson, Kristmundur Halldórsson, Kristján Auðunsson, Stefán Pálsson sem kom með viðauka-tillögu við álit laganefundar um að úrvinnslu frá félögunum skuli lokið fyrir 1. apr. 1991 og skal fyrir þann tíma senda stjórn L.H. athugasemdir þannig að stjórn L.H. hafi góðan tíma til að undirbúa tillögur fyrir næsta landsþing.

Enn var mikið rætt um fækkun ársþinga og sýndist sitt hverjum eins og áður, með fækkun þinga voru 55 á móti 29 en þetta nægði ekki þar sem um lagabreytingu var að ræða.

Dingskjal nr. 20 hljóðar þá þannig:

41. ársþing L.H. haldið á Húsavík 26.-27. okt. 1990 samþykkir álit laganefundar, að vísa tillögum um fjórðungsráð til aðildarfélaga og stórnar L.H. til frekari kynningar og vinnslu. Úrvinnslu í félögunum skal lokið fyrir 1. apríl 1991 og skal fyrir þann tíma senda stjórn L.H. athugasemdir þannig að stjórnin hafi góðan tíma til að undirbúa tillögur fyrir næsta landsþing.

Breytingar á lögum L.H.

3. gr. Aftan við e-lið bætist: "í samvinnu við HÍF".

Úr 4. gr. falli niður orðin svo og íþróttaráð L.H.

Í 5. gr. skal setning sem hefst á "Hrossaræktarráðunautur" vera þannig: "Hrossaræktarráðunautar B.Í. skulu ... o.s.frv.

7. Álit kynbótanefndar. Framsögumaður: Ingimar Sveinsson.

Dingskjal nr. 5 samþykkt samhljóða með svohljóðandi viðbótar-tillögu.:

41. ársþing L.H. haldið á Húsavík 26.-27. okt. 1990 beinir því til stjórnar B.Í. og hrossaræktarráðunauta þess að þeir hestar sem skráðir verða í ættbók verði blóðprófaðir til þess að ætíð liggi fyrir full vissa um faðerni afkvæma. Ennfremur að því sé beint til eigenda þeirra stóðhesta sem nú þegar eru í ættbók að þeir láti fara fram sams konar blóðprufu á sínum stóðhestum.

Dingskjal nr. 13 samþykkt með 44 gegn 38. Til máls tóku um tillögu þessa, Kári Arnórsson á móti, Höskuldur Hildi-brandsson með, Jón Hermannsson á móti, Kristbjörg Eyvinds-dóttir á móti.

Dingskjal nr. 23 , til máls tóku:

Reynir Hjartarson, Andrés Kristinsson sem kom með breytinartillögu, Þorkell Bjarnason, Kári Arnórsson, Skúli Kristjónsson. Þorkell sakaði Andrés um að hafa kastað stríðshanska með sinni breytingartillögu. Skúli sagðist segja af sér ef breytingartillaga Andrésar yrði ekki samþykkt. Reynir skoraði enn og aftur á menn að sýna sáttarvilja og samþykkja tillöguna og Andrés að taka sína tillögu til baka. Að þeim orðum mæltum gáfu fundarstjórar kaffihlé til 15.45. Fundur hófst á réttum tíma. Andrés kom í pontu og dró sína tillögu til baka.

Dingskjal nr. 23 samþykkt samhljóða og hljóðar þannig:

41. landsþing L.H. haldið á Húsavík 26.-27. okt. 1990 lýsir áhyggjum sínum á því ósamkomulagi sem verið hefur milli hrossaræktarmanna. Til lausnar á því leggur þingið áherslu á að haldið verði áfram á þeirri braut sem mörkuð var í upphafi þessa árs um aukna teygni einkunnagjafar og athugun á því hvernig sú breyting hefur reynst í framkvæmd eins og um var talað í upphafi sýningarársins. Minnt er á, að nú liggur fyrir uppkast af stigunarkvarða kynbótahrossa en það er einmitt eitt þýðingarmesta atriðið í þeirri uppstokkun kynbótaðóma, sem nú á sér stað.

Þingið bendir á, að faglegt erfðafræðilegt mat á kynbótargildi einstakra kynbótagripa, jafnt í hrossarækt sem og öðrum búgreinum. Í þessu sambandi lýsir þingið eindregnum stuðningi við störf Dr. Þorvaldar Árnasonar að hrossarækt á Íslandi og leggur þunga áherslu á, að hann komi aftur til starfa að hrossaræktinni með hliðstæðum hætti og verið hefur. Þá fagnar fundurinn nýju og bættu skýrsluhaldi sem verið er að hleypa af stokkunum og telur það til mikils stuðnings fyrir framtíðarstarfið.

Þá bendir þingið á, að fyrir liggur að veruleg framför hefur verið í hrossaræktinni á undanförunum árum undir forystu Búnaðarfélags Íslands. Þingið leggur þunga áherslu á, að samstaða skapist um raunhæfa stefnu í hrossaræktinni, markvissa umræðu og fagleg vinnubrögð. Því telur þingið áriðandi að yfirstjórn hrossaræktarinnar verði áfram hjá B.Í. s.s. lög um búfjárrækt gera ráð fyrir. Því annað fyrirkomulag myndi leiða til upplausnar í ræktunarstarfinu. Þá þakkar þingið þau störf er hrossaræktarráðunautar B.Í. hafa unnið í þágu okkar hestamanna.

Kári Arnórsson bar fram þá tillögu að þingið lýsti trausti og sýndi þakklæti þeim sem starfað hefðu fyrir L.H. í sýningarnefnd og hrossaræktarnefnd. Var undir það tekið með miklu lófataki þingfulltrúa.

8. Álit mótanefndar. Framsögumaður: Stefán Pálsson.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 10.

41. ársþing L.H. haldið á Húsavík 26.-27. okt. samþykkir að úrtökukeppni í gæðinga- og unglingaflokkum fyrir lands- og fjórðungsmót skuli einungis farið eftir lögum og reglum L.H. um gæðinga- og unglingakeppni.

Samþykkt.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 11. Flutningsmaður Stefán Pálsson.

Tillagan svohljóðandi:

41. ársþing L.H. samþykkir að fela stjórn sambandsins að skipa nefnd til að kanna gildandi reglur erlendis um lyfjapróf á keppnishrossum og kostnað við úrvinnslu slíkra prófa. Haft verði samráð við yfirdýralækni varðandi úrlausn málsins.

Samþykkt.

Þingskjal nr. 12. Flutningsmaður: Stefán Pálsson.

Fellt.

Tillaga frá Ólafi Þorsteinssyni.

41. ársþing L.H. haldið á Húsavík 26.-27. okt. 1990 samþykkir að á árinu 1991 verði til reynslu keppt á fjórðungsmóti í flokki ungmenna 16-18 ára. Keppt skal samkvæmt reglum um unglingakeppni.

Fellt, með 41, móti 46.

Tillaga frá Gunnar Gunnarssyni.

Ársþing L.H. haldið á Húsavík 26.-27. okt. 1990 skipar milliþinganefnd sem fjalli um málefni unglingastarfsins og skili álit til næsta ársþings í nánú samstarfi við gæðinga- og unglinganefnd.

Samþykkt.

Þingskjal nr. 17. Flytjandi: Stórmótanefnd L.H.

Þessir tóku til máls:

Kristinn Guðnason,	lið 7
Kári Arnórsson,	lið 7
Skúli Kristjánsson	lið 6
Viðar Halldórsson,	um unglingakeppni.
Jónas Vigfússon	lið 7
Höskuldur Hildibrandsson	lið 6
Sigfús Guðmundsson	lið 7

1. Liður 5 samþykktur óbreyttur.

2. Liður 7 í upphaflegri mynd. Flutt af Sigfúsi Guðmundssyni.
Fellð 51 gegn 27.

Tillaga frá Kristni Guðnasyni, felld 34 gegn 20

Tillaga frá Jónasi Vigfússyni, felld 34 gegn 30

Liður 7 samþykktur óbreyttur frá nefnd.

3. Liður nr. 8, nr. 9, nr. 10 og nr. 11 samþykktir.

4. Liður nr. 6 a) tillaga frá Skúla Kristjónssyni samþykkt þannig:

Stjórn Búnaðarfélags Íslands skipar dómnefnd kynbóta-hrossa að fengnum tillögum hrossakynbótanefndar.

Öðrum liðum vísað heim í héruð til félaganna til frekari skoðunar og stjórn L.H. falið að standa að ráðstefnu um stórmótahald á næsta ári.

Kosningar.

1. Kosning formanns:

Kári Arnórsson endurkjörinn með öllum atkvæðum.

2. Kosning meðstjórnenda.

Kosningu hlutu:	Jón Bergsson	87 atkv.
	Ingimar Ingimarsson	70 atkv.
	Halldór Gunnarsson	55 atkv.

3. Kosning varastjórnar.

Kosningu hlutu: Sigfús Guðmundsson.
Elísabet Þórólfsdóttir.
Sigbjörn Björnsson.
Kristmundur Halldórsson.
Sigrún Sigurðardóttir.

4. Kosning endurskoðenda.

Þeir Gísli B. Björnsson og Þorvaldur Þorvaldsson voru endurkjörnir með lófaklappi.

Þingforseti gaf formanni orðið. Hann þakkaði góða fundarsetu og mynnti á að mörg verkefni væru framundan sem fólk yrði vafalaust kvatt til að leysa. Hann tjáði þingheimi að Gustur í Kópavogi hefur boðið til næsta þings sem verður þá haldið í Kópavogi 1991.

Þakkaði fyrir traustyfirlýsingu við sig og sleit þingi.

Sigurður Gunnarsson (sign.)